

Alþingi
Erindi nr. P 139/1777
komudagur 23.3.2011



RANNSÓKNARNEFND SJÓSLYSA
Icelandic Marine Accident Investigation Board (IMAIB)

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stykkishólmur 23. mars 2011

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn rannsóknarnefndar sjóslysa um frumvarp til laga um rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Rannsóknarnefnd sjóslysa (RNS) telur ekki ástæðu til að senda nýja umsögn um frumvarp til laga um rannsóknarnefnd samgönguslysa þar sem eina breytingin frá fyrra frumvarpi virðist vera sú að nefndarmönnum er fjölgað úr fimm í sjö. RNS telur að þetta breyti engu varðandi þær athugasemdir sem RNS hafði við fyrra frumvarp. Það skal aðeins áréttað að RNS telur það mjög óheppilegt að ein rannsóknarnefnd eigi að koma í stað þeirra þriggja sem starfa nú. Enda hefur ekki verið sýnt fram á að neinn ávinningur sé af þessari tillögu. Fyrri athugasemdir RNS við frumvarpið eru því ítrekaðar.

Hjálagt er umsögn RNS frá 18. janúar 2010.

F.h. rannsóknarnefndar sjóslysa

Jón A. Ingólfsson
forstöðumaður



RANNSÓKNARNEFND SJÓSLYSA
Icelandic Marine Accident Investigation Board (IMAIB)

Alþingi samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 18. janúar 2010.

Samgöngunefnd hefur óskað eftir umsögn rannsóknarnefndar sjóslýsa (RNS) um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa.

Hinn 17. apríl sl. skilaði RNS umsögn um frumvarpið til samgönguráðuneytisins og fylgir sú umsögn hér með og er vísað til hennar hvað varðar umsögn um fyrrgreint frumvarp. Þó þykir ástæða til að vekja sérstaka athygli á þeirri megin athugasemd RNS að hún dragi „það mjög í efa að það sé æskilegt að breyta því fyrirkomulagi sem nú er hjá RNS við rannsóknir sjóslýsa. Telja verður það mun heppilegra að sem viðtækust þekking sé innan nefndarinnar sjálfrar heldur en að leita þurfi út fyrir hana við rannsóknir á sjóslýsum.“ Þá telur RNS að það fyrirkomulag sem nú er við lýði þ.e. skipan nefndarinnar hafi reynst mjög vel. Því varar nefndin við breytingum á skipan nefndarinnar.

Hins vegar skal tekið fram að RNS er ekki á móti því að breyta „því skipulagi sem nú er á rannsóknnum samgönguslysa m.a. með því að sameina rekstur hinna þriggja nefnda þannig að t.d. húsnæði og skrifstofuhald yrði sameinað. Því mætti í raun gera þessar nefndir að einni rannsóknarstofnun en innan þeirrar stofnunar yrðu þrjár nefndir sem yrðu skipaðar sérfræðingum hver á sínu sviði með svipuðum hætti og núverandi skipulag.“

RNS er því á móti þeirri fyrirætlun sem fram kemur í umræddu frumvarpi að skipuð verði ein nefnd til að rannsaka öll samgönguslys.

Það skal tekið fram að samgönguráðuneytið hefur í engu tekið tillit til athugasemda RNS sem fram koma í fyrrgreindri umsögn nefndarinnar frá 17. apríl sl. En eins og fram er komið er megin athugasemd RNS sú að ekki verði skipuð ein rannsóknarnefnd samgönguslysa. En það er kjarni málsins en aðrar athugasemdir má telja minniháttar í samanburði við þá athugasemd. Því getur sú fullyrðing í IV. kafla athugasemda með frumvarpinu um að tekið hafi verið tillit til athugasemda umsagnaraðila ekki átt við RNS. Væri æskilegt að ráðuneytið upplýsti til hvaða athugasemda umsagnaraðila tekið hafi verið tillit til.

Þar sem uppi er ágreiningur um meginatriði málsins telur RNS nauðsynlegt að fulltrúar hennar fái að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á fundi hjá samgöngunefnd Alþingis.

f.h. rannsóknarnefndar sjóslýsa

Jón A. Ingólfsson
Jón A. Ingólfsson
forstöðumaður